

DR. KORTSEN

Nú um nokkur ár hefi ég við og við séð hér á götunum, háan mann og herðabreiðan, ekki alveg ólíkan sumum mönnum af Briemsætt, er mér hefir komið til hugar að eiga kynni hingað til lands merkilegra erindi en mjög margir útlendingar aðrir. Maður þessi hinn hái, er sendikennarinn danski hér við háskólann, dr. Kortsen. Þykir mér hann eftirtektarverður sakir kunnáttu sinnar. Hefi ég lesið eftir hann bók, sem heitir *De psykiske Spaltninger*, allmikið rit, og um efni, sem mér hefir lengi verið mjög hugleikið. Fannst mér mikið um, er ég las bók þessa, lærðóm og skarpleik höfundarins, og þótti sem þar mundi einn af gáfuðstu yngri sálufraðingum á Norðurlöndum. En að mér er viðfangsefni bókar þessarar svo hugleikið, kemur til af því, að árangur af rannsóknum á eðli draumlífsins, sem ég byrjaði á fyrir nálega 25 árum, hafði orðið sá, að í svefni verði einmitt það, sem sálufraðingar nefna psykisk Spaltning (Dissociation, klofning eða sundrun sálulífsins), í draumlífinu komi einmitt fram það, sem þýskir sálufraðingar nefna Spalt-ich (klofnings-égg). — En þó hafði niðurstaða míni orðið á þá leið, að í draumlífinu væri fyrst og fremst að ræða, ekki um sundrun eða klofning meðvitundarinnar, heldur viðbót, hleðslu eða magnan frá annarri meðvitund. — Hefi ég skýrt frá þessu allnákvæmlega í Nýal, s. 343-359.

Mín eigin meðvitund hafði orðið mitt aðalrannsóknar-efni, þegar niðingsskapur sá og sljóleiki, sem ég hefi svo mjög átt við að búa sem vísindamaður, gerði mér ókleift að ferðast eins og jarðfræðin krafði, og loks tókst mér að gera ýmsar nýjar athuganir, sem ég sá, að mundu geta fengið hina mestu þýðingu fyrir sálufraði og alla líffræði, þegar

aðrir vísindamenn tækju þar undir. Var mér að vísu ljóst, að sá, sem yrði til að taka undir með mér af þekkingu og skarpleik, mundi ávinna sér heimsnafn, og mjög að verðleikum. En þó var ég allt annað en vongóður um viturlegar undirtektir fyrst í stað.

Ég hafði verið að reyna dálítið að kynna mér sögu þekkingarinnar, vissi, hvílík ógæfa það hafði verið vanalega, að gera mjög brautryðjandi uppgötvanir, og hafði sjálfur að baki mér mikla og erfiða reynslu af því tagi. Ég hafði gert meira til þess að upplýsa jarðsögu Íslands, en allir, sem að rannsókn landsins höfðu starfað á undan mér, samanlagt, en aðalárangurinn af uppgötvunum mínum hafði orðið á þá leið, að sa mikli hæfileikamaður, sem sjálfsagðastur var til að vera mér samtaka, gerði það sem hann gat, til að spilla fyrir mér og villa mönnum sýn á rannsóknum mínum. Varð honum mikið ágengt, því að engum kom til hugar að álita þess vert, að skilja þetta mál eða leggja mér nokkurt liðsyrði.

Fór og svo, með uppgötvanir mínar á öðru sviði, að þeir Íslendingar, sem færastir voru sakir þekkingar og aðstöðu, til að verða mér samtaka, gerðu sig ekki líklega til að ganga í lið með mér. Tel ég víst, að útlendingar muni verða þar fyrri til. Hefi ég nú að vísu ekki mikla von um dr. Kortsen, þrátt fyrir það mikla álit, sem ég hefi á hæfileikum hans og þekkingu, en nokkra þó, og stafar það helst af því, sem nú skal greina:

Gyðingar hafa mjög forustu í vísindum nú á tínum, og þykja þar mestir menn, og einkum er nýtísku sálufræði að mjög miklu leyti Júðaframleiðsla. Þykir mér ekki óliklegt, að S. Freud, sem allra sálufræðinga er frægastur, muni vera eins frægur og allir þeir sálufræðingar samanlagt, sem ekki eru Gyðingar.

En ekki er þessi Gyðingasálufræði að því skapi góð, sem hún er fræg.

Nú er dr. Kortsen auðsjáanlega ekki Gyðingur að ætterni, og virðist því meiri von, að hann kynni að vera á því máli, að þessi yfirdrottnun (Hegemonie) Gyðinga, sem ég gat um,

sé hvorki holl né réttmæt, og mundi þá fremur vilja taka undir það sem norrænt er.

En að íslenskir lærðómsmenn hafa reynst mér ekki betur en orðið er, svo miklir gáfu og lærðómsmenn sem þar eru, mun stafa að ekki litlu leyti af því, að þeir gera sér of lágar hugmyndir um hina íslensku þjóð.

Hefir sú skoðun verið látin í ljós, oftar en einu sinni, að vér Íslendingar munum ekki geta lagt neitt það til í vísindum, sem almenna þýðingu hafi. En það mun sýna sig, að mjög verður á annan veg, þegar vér höfum lært að vera nógu vel samtaka, og forðast fullkomlega allt, sem líkist marðarskap og skammkelsku.

1926.